

Mánudagurinn 25. nóvember 1996 kl. 11:30

83. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 38/1996

**Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar ehf. yfir
auglýsingum Vátryggingafélags Íslands hf.**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 27. september 1996, þar sem Alþjóðleg miðlun ehf. gerir athugasemdir við ranga og villandi framsetningu samanburðar á iðgjöldum bifreiðatrygginga. Tilefnið var auglýsing Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) sem birtist í Morgunblaðinu þar sem borin voru saman iðgjöld bifreiðatrygginga VÍS og FÍB trygginga. Í auglýsingunni eru iðgjöld beggja félaga birt en við iðgjald FÍB trygginga er bætt félagsgjaldi FÍB. Úr samtölu iðgjaldsins og félagsgjaldsins er vísað í neðanmálgrein þar sem segir: „*Inni í þessari tölu er árgjald til FÍB sem er skilyrði fyrir FÍB tryggingu/IBEX*“. Við iðgjald VÍS stóð „*engin skilyrði*“. Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar, sem hefur umsjón með starfsemi FÍB trygginga, var tvíþætt og um fyrra kvörtunarefnið segir í erindinu:

„Í auglýsingunni er félagsgjaldi Félags ísl. bifreiðaeigenda bætt við vátryggingaverð (sic) og samanburður síðan gerður við iðgjöld VÍS. Aðild að Félagi ísl. bifreiðaeigenda veitir félagsmönnum víðtæk fríðindi, m.a. aðgang að ókeypis lögfræði- og tækniráðgjöf, afslátt hjá yfir 100 fyrirtækjum sem tengjast bílgreininni, áskrift að Ökuþór og margs konar önnur fríðindi. Það er því með öllu óraunhæft að bera saman verð á vátryggingum til félagsmanna FÍB að viðbættu félagsgjaldi þeirra við verð á vátryggingum VÍS. Tilgangur auglýsandans virðist vera að villa um fyrir neytendum og dylja þá þeirri staðreynd að vátryggingar VÍS eru dýrari en þær vátryggingar, sem bjóðast félagsmönnum FÍB.“

Um hið síðara segir í erindinu:

„Í fyrirsögninni stendur orðrétt „VÍS býður hagkvæmustu iðgjöldin í bílatryggingum án nokkurra skilyrða“. Hér notar auglýsandinn hástig á orðinu hagkvæmur sem er ekki aðeins óheimilt, heldur er þetta einnig röng fullyrðing. Einnig er gefið í skyn að bílatryggingarnar séu án nokkurra skilyrða, en ekki þarf annað en að vísa til skilmála á ökutækjetryggingum VÍS til að sannreyna að þeir sem vát tryggja hjá félaginu verða að gangast undir margs konar skilyrði.“

II.

Málsmeðferð

1.

Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar var send VÍS til umsagnar. Svar VÍS er dags. 3. október 1996 og þar segir um fyrri lið kvörtunarinnar:

„Rangt er í bréfi þeirra að í auglýsingu VÍS í Mbl. föstudaginn 27. september sl. sé félagsgjaldi FÍB bætt við váttryggingaverð (sic) og samanburður síðan gerður. Hið rétta er að iðgjöld eru borin saman hjá hvoru félagi um sig í sömu línu, síðan er félagsgjaldi FÍB bætt við iðgjald FÍB tryggingar/IBEX og sú niðurstaða borin saman í neðstu línu.

Forsendur þess samanburðar eru vendilega sýndar í auglýsingu VÍS. Ekki verður á móti mælt, að til þess að njóta þeirra iðgjalda sem auglýst eru hjá FÍB tryggingu/IBEX verður sannanlega að greiða félagsgjald til FÍB, sem er kr. 3.300,-. Sú fullyrðing kæranda að verið sé vísvitandi að villa um fyrir neytendum og dylja þá staðreyndum um kostnað váttrygginga hjá VÍS er því ekki rétt. Þvert á móti er rækilega gerð grein fyrir staðreyndum málsins í auglýsingu VÍS. Það er rétt, eins og fram kemur í auglýsingunni, að kaupum á ábyrgðartryggingu ökutækis hjá VÍS fylgja ekki nein skilyrði, en kaup ábyrgðartrygginga ökutækja eru skilyrt hjá FÍB tryggingu/IBEX.“

Um seinni lið kvörtunarinnar segir í svari VÍS:

„Rétt er að notað er í auglýsingunni „hagkvæmustu iðgjöldin í bílatryggingum án nokkurra skilyrða“. Vakin skal athygli á því að ekki er notað orðið

„ódyrustu“ enda þótt sú fullyrðing hefði staðist á þeim tímapunkti er auglýsingin birtist. Með notkun orðsins „hagkvæmustu“ er m.a. vísað til F+ fjölskyldutrygginga VÍS, en bílar í ábyrgðartryggingu hjá félaginu veita rétt til 15–20% afsláttar af þeirri tryggingu. Þetta ber umrædd auglýsing, og þær er á eftir komu, greinilega með sér.

Í bréfi kæranda er vísað til vátryggingaskilmála ökutækjatrýgginga hjá VÍS og fullyrt að þar séu margs konar skilyrði. Hér ruglar bréfitari saman orðunum skilmáli og skilyrði. Öll starfandi tryggingafélög hér á landi hafa sama bótasvið í skilmálum enda er það lögbundið. Hins vegar skal á það bent að FÍB trygging/IBEX er eina félagið hér á landi sem neitar tilteknum aðilum í þjóðfélaginu um lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja, t.d. leigubílstjórum og vélhjólalæigendum.“

Í lok svars VÍS kemur fram að umrædd auglýsing muni ekki birtast aftur þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir.

2.

Alþjóðleg miðlun taldi ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við svar VÍS.

III.

Umfjöllun auglýsinganefndar

Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar var til umfjöllunar hjá ráðgjafarnefnd Samkeppnisráðs, auglýsinganefnd, á fundi þann 15. október 1996.

Nefndin taldi að fyrirsögn auglýsingar VÍS um „hagkvæmustu iðgjöldin í bílatryggingum án nokkurra skilyrða“ væri misvísandi og villandi þar sem notkun efsta stigs lýsingarorða í auglýsingum væri ekki leyfileg nema auglýsandi gæti sannað fullyrðinguna með auðveldum hætti. Það hefði VÍS ekki gert og tilvísun til fjölskyldutryggingar í því skyni teldist villandi þar sem fyrirsögnin gæfi slíkt ekki til kynna.

Þá taldi auglýsinganefndin óeðlilegt að leggja félagsgjald FÍB við iðgjald FÍB tryggingar með þeim hætti sem gert var í auglýsingunni og bera það saman við iðgjald VÍS. Ekki var talið óeðlilegt að vakin væri athygli á félagsgjaldinu með öðrum hætti.

Niðurstaða auglýsinganefndar var send VÍS þann 16. október 1996 ásamt tilmælum Samkeppnisstofnunar um að taka framvegis mið af álitum auglýsinganefndar. VÍS var gefinn tíu daga frestur til að gera athugasemdir við tilmælin.

IV.

Frekari málsmeðferð

1.

Svar við tilmælum Samkeppnisstofnunar barst frá VÍS, dags. 31. október 1996. Þar er ekki er fallist á tilmæli stofnunarinnar og tekið fram að félagið muni halda áfram að tilgreina félagsgjald FÍB við samanburð á iðgjöldum. Í svarbréfinu segir jafnframt:

„Fyrir það fyrsta getur félagið ekki fallist á að fyrirsögn auglýsingarinnar um „hagkvæmstu iðgjöldin í bílatryggingum án nokkurra skilyrða“ geti talist misvísandi og villandi. Með fullyrðingunni er verið að vísa til þess að bifreiðatryggingar eru ekki nema hluti af þeim tryggingum er venjuleg fjölskylda hefur þörf fyrir og að það sé heildarverð váttrygginga fjölskyldunnar sem skiptir mestu máli. Þetta kemur skýrt fram í texta auglýsingarinnar. Með auglýsingunni er fyrst og fremst verið að sinna þeirri frumskyldu þess sem selur váttryggingar að upplýsa neytandann sem best um þá kosti er honum standa til boða. Allir meðalgreindir neytendur geta auðveldlega áttað sig á merkingu auglýsingarinnar án nokkurra vandkvæða. Ekki verður frekar fjallað um þennan efnisþátt bréfs yðar en eins og þegar hefur komið fram af hálfu VÍS... verður umrædd auglýsing ekki birt aftur.

Hvað varðar það álit auglýsinganefndar að óeðlilegt sé að leggja félagsgjald FÍB við iðgjald Alþjóðlegrar miðlunar ehf./IBEX með þeim hætti sem gert er í auglýsingunni og bera það saman við iðgjald VÍS þá mótmælir VÍS harðlega þessu álitum.

Fyrir það fyrsta þá verður ekki séð hvaða heimild Samkeppnisstofnun hefur til að beina tilmælum til Váttryggingafélags Íslands hf. með þeim hætti sem gert er í umfjöllunni bréfi.

Í öðru lagi er hvergi í bréfinu að finna rökstuðning fyrir þeirri skoðun auglýsinganefndar að samanburður í auglýsingunni sé óeðlilegur, né tilvísun til réttarreglna er tilmælin eru byggð á. Það er meginregla í stjórnslurétti að efnislegir úrskurðir eða tilmæli stjórnvalda séu þannig úr garði gerð að þau séu ákveðin og skýr svo aðili er í hlut á geti með einföldum hætti metið stöðu sína út frá þeim og brugðist við með viðeigandi hætti. Í umræddu bréfi vantar algerlega rökstuðning og skýringu á því hvað átt er við með því að samanburður í auglýsingunni sé óeðlilegur. Með sama hætti vantar alveg skýringu á því hvað auglýsinganefnd á við með orðunum: „Auglýsinganefnd gerir ekki athugasemd við að vakin sé athygli á félagsgjaldinu með öðrum hætti.“ Það er algerlega útilokað fyrir VÍS að átta sig á því við hvað er átt og hver sé meining umræddrar setningar. Enga leiðbeiningu er að finna í áliti auglýsinganefndar.

Í þriðja lagi getur VÍS ekki með nokkru móti fallist á það að óeðlilegt sé að gera verðsamanburð á iðgjaldi FÍB tryggingar/IBEX að viðlögðu félagsgjaldi FÍB og iðgjaldi bifreiðar hjá VÍS. Í auglýsingunni er mjög skilmerkilega sundurliðað hvert sé iðgjald FÍB tryggingar og hvert félagsgjald FÍB er og það síðan lagt saman og borið saman við iðgjald VÍS. Allar forsendur samanburðarins eru nákvæmlega skýrðar í auglýsingunni. Það er yfirlýst af hálfu FÍB trygginga/IBEX að skilyrði fyrir því að geta notið iðgjalda þeirra er að viðkomandi tryggingartaki sé félagsmaður í FÍB. Samanburður VÍS í umræddri auglýsingu er því í fullu samræmi við ákvæði samkeppnislaga og góða viðskiptahætti. Eðlilegt er við verðsamanburð að bera saman raunverulegan kostnað neytenda við vátryggingarkaup hjá félögunum. Í þessu sambandi er þess að geta að framsetningin er í fullu samræmi við reglur nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum, sem settar hafa verið með heimild í 30. gr. samkeppnislaga.

Þar sem óumdeilt er að forsenda fyrir kaupum á vátryggingu hjá FÍB tryggingu/IBEX er að viðkomandi kaupandi sé félagsmaður í FÍB er ljóst að endanlegt verð hlýtur að vera iðgjaldið að viðbættu félagsgjaldinu. Önnur tryggingafélög hafa ekki skilyrt kaup á ábyrgðartryggingum bifreiða með þeim hætti sem gert er í umræddri auglýsingu.

Það má hins vegar velta fyrir sér hvort samanburður á iðgjöldum bifreiðatrygginga í auglýsingum FÍB tryggingar/IBEX feli ekki í sér brot á 1. gr. reglna nr. 21/1995 um að uppgæfið verð sé endanlegt verð til kaupanda.

Hvergi kemur fram í auglýsingum FÍB tryggingar/IBEX að það sé forsenda fyrir kaupum á bifreiðatryggingum hjá félaginu. Það er skoðun VÍS að samanburður á iðgjöldum bifreiðatrygginga í auglýsingum FÍB tryggingar/IBEX feli í sér villandi upplýsingar um verð og sé þannig beinlínis í andstöðu við 21. gr. samkeppnislaga.“

Tryggingafélagið vísar jafnframt til ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 10 frá 1995 þar sem auglýsingar ferðaskrifstofu voru taldar brot á 21. gr. samkeppnislaga, reglum um verðupplýsingar í auglýsingum og 3. gr. alferðalaga. Í umræddum auglýsingum voru flugvallaskattar ekki innifaldir í auglýstu verði og auglýsingarnar bannaðar með heimild í 51. gr. samkeppnislaga þar sem tilgreint verð var ekki endanlegt. Að lokum segir í athugasemdum VÍS:

„Með tilvísun til framangreindrar umfjöllunar getur VÍS ekki fallist á að verðsamanburður félagsins í umræddri auglýsingu sé óeðlilegur. Samanburðurinn er ekki einvörðungu réttur heldur er það skylda félagsins að setja hann fram með þeim hætti sem gert er svo gætt sé góðra viðskiptahátta og upplýsingaskyldu við neytendur sinnt. VÍS mun áfram bera iðgjöld saman með þeim hætti að tilgreint verður í samanburðinum félagsgjald FÍB.“

2.

Alþjóðleg miðlun taldi ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið en ítrekaði fyrri rök.

3.

Þar sem þess misskilnings virtist gæta í athugasemdum VÍS að í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 16. október sl. hafi falist bindandi stjórnvaldsákvörðun var VÍS bent á að einungis hafi verið um tilmæli að ræða sem byggð voru á álitum auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar Samkeppnisráðs. Þetta megi glöggt sjá af orðalagi bréfsins sem og því að VÍS sé gefinn kostur á að gera athugasemdir við tilmælin. Jafnframt var VÍS gefið tækifæri til að tjá sig frekar um málið áður en það yrði lagt fyrir Samkeppnisráð. Það væri gert þar sem félagið hefði tilkynnt að það myndi ekki fara að tilmælunum.

4.

Að hálfu VÍS voru ekki gerðar frekari athugasemdir.

V. Niðurstöður

1.

Í framhaldi af athugasemdum VÍS við heimildir Samkeppnisstofnunar til að beina tilmælum til félagsins er rétt að byrja á því að rekja málsmeðferð Samkeppnisstofnunar í málum sem varða auglýsingar og aðrar slíkar viðskiptaaðferðir sbr. VI. kafla samkeppnislaga.

Þegar Samkeppnisstofnun berst erindi sem varðar auglýsingar eða aðrar slíkar viðskiptaaðferðir er erindið sent þeim sem það beinist að eða öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta. Skýrt er frá erindinu auk þess sem viðkomandi er gefinn kostur á að gera við það athugasemdir og koma með skýringar. Málsaðilum er skýrt frá öllum nýjum gögnum sem fram koma í málinu. Þar sem svonefnd auglýsingamál eru oft þess eðlis að nauðsynlegt er að leysa þau með skjóttum hætti er veittur skammur frestur til leggja fram gögn. Að lokinni gagnaöflun er málið svo afgreitt frá Samkeppnisstofnun, oft í formi tilmæla. Á þetta einkum við ef fordæmi er fyrir sambærilegri afgreiðslu. Þeim sem tilmælunum er beint til er ávallt gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri innan ákveðins tíma. Tilmælin eru því ekki endanleg afgreiðsla nema málsaðili kjósi að fara að þeim. Þetta er gert á grundvelli þeirrar heimildar í 14. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 672/1994 að ljúka megi málum með sátt á öllum stigum þess. Ef ekki er fordæmi fyrir afgreiðslu sambærilegs máls fara auglýsingamál fyrir ráðgjafarnefnd Samkeppnisráðs, auglýsinganefnd. Auglýsinganefndin fjallar um auglýsingar og gætir þess að þær brjóti ekki í bága við ákvæði 21. og 22. gr. samkeppnislaga sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Eins og fyrr greinir eru auglýsingamál oft þess eðlis að þau kalla á skjóta meðferð og álit auglýsinganefndar er því sent málsaðilum með bréfi Samkeppnisstofnunar um leið og það liggur fyrir. Sem fyrr er málsaðilum gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Málum sem ekki næst samkomulag um og öllum stærri málum, s.s. málum þar sem ágreiningur er t.d. um gildissvið samkeppnislaga og málum sem eru stefnumarkandi eða hafa víðtæk áhrif, er vísað til Samkeppnisráðs. Samkeppnisráð tekur síðan ákvörðun sem unnt er að skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Í máli því sem hér um ræðir var álit auglýsinganefndar, að lokinni gagnaöflun, sent VÍS ásamt þeim tilmælum Samkeppnisstofnunar að í auglýsingum yrði framvegis tekið mið af áliti nefndarinnar. Jafnframt var gefinn tíu daga frestur

til að koma athugasemdum á framfæri. Umrædd tilmæli Samkeppnisstofnunar eru því ekki bindandi stjórnvaldsákvörðun. Hér var einungis um tilmæli að ræða, sáttaboð, sem VÍS var gefinn kostur á að gera athugasemdir við. Engu að síður er rétt að benda á að meginreglan samkvæmt stjórnsýslulögum er að rökstyðja skuli ákvarðanir eftir á, sbr. 21. gr. stjórnsýslulaga.

Athugasemdir voru gerðar og því er næsta stig að taka málið til formlegrar afgreiðslu hjá Samkeppnisráði.

2.

Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar yfir auglýsingu VÍS, sem um er fjallað í máli þessu, snýr annars vegar að því að við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga sé villandi að félagsgjaldi FÍB sé bætt við iðgjald FÍB trygginga og hins vegar að því að í fyrirsögn auglýsingarinnar séu fullyrðingar sem ekki standist.

Í auglýsingu um FÍB tryggingar, sem birtist í Morgunblaðinu þann 19. september 1996, kemur fram að FÍB trygging sé heiti trygginga sem standi félögum í FÍB til boða. Tryggingaskírteinið sé gefið út af Ibox Motor Policies á Lloyd's tryggingamarkaðnum í Lundúnum en Alþjóðleg miðlun hafi umsjón með tryggingastarfseminni. Jafnframt kemur fram að engin fjárhagsleg tengsl séu á milli FÍB og þeirrar tryggingastarfsemi sem standi félögum FÍB til boða. Eins og fyrr segir eru tryggingarnar aðeins í boði fyrir félag FÍB hvort sem þeir eru þegar félagsmenn eða gerast félagar við kaup á tryggingu. Í gögnum málsins hefur komið fram að félagsgjald FÍB sé kr. 3.300 og að það veiti félögum ýmis fríðindi, s.s. margs konar afslætti og fría lögfræði- og tækniráðgjöf.

Til að meta hvort það sé villandi í skilningi samkeppnislaga nr. 8/1993 að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB trygginga við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga skal litið til 21. gr. laganna en hún hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir m.a. um þessa grein:

„Upplýsingarnar og aðrar viðskiptaaðferðir verða samkvæmt ákvæðinu að vera fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, þjónustu o.s.frv. en þær þurfa ekki að hafa haft nein áhrif.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gildir 1. mgr. þegar upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir eru óhæfilegar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Gagnstætt 1. mgr. geta upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir brotið í bága við reglur þessarar málsgreinar enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Ótilhlýðilegt form getur t.d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum. “

Til að 21. gr. eigi við verða upplýsingar þær sem um ræðir að vera til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þeirrar þjónustu sem í boði er. Þær þurfa hins vegar ekki að hafa haft nein áhrif. Auglýsing VÍS er sett fram til að hafa áhrif á eftirspurn eftir tryggingum félagsins þar sem fram á markaðinn hefur komið keppinautur sem býður lægri iðgjöld bifreiðatrygginga en áður hafa verið í boði.

Þá verður samkvæmt 21. gr. samkeppnislaga að gæta þess að auglýsingar séu ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum m.a vegna þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Í auglýsingunni sem hér er deilt um er við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga vísað til félagsgjalds og álitamálið er því hvort með því sé verið að skírskota til óviðkomandi atriðis.

Ljóst er að til að njóta iðgjalda FÍB trygginga verður tryggingataki að vera félagsmaður í FÍB og greiða til félagsins árlegt félagsgjald að upphæð kr. 3.300. Þá hefur komið fram að engin fjárhagsleg tengsl eru á milli FÍB og þeirrar tryggingastarfsemi sem félagsmönnum þeirra stendur til boða. Af félagsgjaldinu rennur því ekkert til FÍB trygginga og ekkert af iðgjaldi FÍB trygginga rennur til FÍB.

Í rökstuðningi VÍS fyrir því að hafa félagsgjaldið með í samanburðinum er m.a. vísað til reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum sem Samkeppnisstofnun gaf út 13. janúar 1995. Reglurnar eiga að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum séu rangar, ófullnægjandi eða villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga og eru settar með heimild í 30. gr. laganna. Reglurnar kveða á um að þegar verðupplýsingar eru gefnar í auglýsingum til neytenda verði að gefa þær upp með ákveðnum hætti og þar segir í 1. gr.:

„Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.“

Í fundargerð auglýsinganefndar frá 14. fundi hennar, þann 1. desember 1994, þar sem rætt var um drög að reglum um verðupplýsingar í auglýsingum segir um 1. gr.:

„...reglurnar þyrftu að vera þannig að verðið sem kæmi fram í auglýsingum yrði að vera endanlegt verð með öllum opinberum gjöldum, sbr. auglýsingar á ferðum sem hafa verið með ófullnægjandi verðupplýsingum...“

Reglurnar voru lagðar fram af formanni auglýsinganefndar til samþykktar í Samkeppnisráði og urðu að ákvörðun nr. 1/1995. Fyrsta grein reglnanna hefur verið notuð til að tryggja að opinber gjöld, s.s. flugvallaskattur og virðisaukaskattur, séu alltaf innifalin í uppgefnu verði til neytenda.

Út frá þessum reglum hefur VÍS dregið þá ályktun að það sé í andstöðu við 21. gr. samkeppnislaga að bæta félagsgjaldinu ekki við iðgjaldið. Eins og fram hefur komið hafa reglurnar um verðupplýsingar í auglýsingum einkum verið notaðar til að tryggja að opinber gjöld, s.s. skattar, séu alltaf innifalin í uppgefnu verði til neytenda. Þjónustan sem verið er að kynna og bjóða í umræddri auglýsingu er bifreiðatrygging og endanlegt verð þeirrar þjónustu er iðgjald tryggingarinnar. Þeir sem eru félagar í FÍB greiða eingöngu iðgjaldið fyrir trygginguna en þeir sem gerast félagar til að njóta kjara FÍB trygginga öðlast ýmis fríðindi sem eru óháð iðgjaldinu. Félagsgjald FÍB er ekki hluti af iðgjaldi tryggingarinnar og því á 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum ekki við í þessu máli.

Þar sem félagsgjald FÍB er ekki hluti af iðgjaldi FÍB trygginga og engin fjárhagsleg tengsl eru á milli FÍB og FÍB trygginga er í skilningi 21. gr.

Samkeppnislaga verið að skírskota til óviðkomandi máls þegar félagsgjaldinu er bætt við iðgjaldið og það er ósanngjarn gagnvart keppinautum. Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir að samkvæmt 2. mgr. 21. gr. gildi 1. mgr. þegar upplýsingar séu óhæfilegar gagnvart keppinautum sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Það að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB telst því einnig villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga. Hins vegar telst ekki villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga að vekja athygli á því að FÍB trygging sé aðeins í boði fyrir félagsmenn FÍB með öðrum hætti en beinum samanburði.

3.

Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar yfir auglýsingu VÍS sneri einnig að fyrirsögn auglýsingarinnar en hún var svohljóðandi: „*VÍS býður hagkvæmustu iðgjöldin í bílatryggingum án nokkurra skilyrða*“.

Samkeppnisyfirvöld líta svo á að notkun efsta stigs lýsingarorða í auglýsingum sé villandi, sbr. 21. gr. samkeppnislaga, og því óheimil nema auglýsandi geti á auðveldan hátt sannað þá fullyrðingu sem þannig er sett fram. Skýring VÍS á orðinu hagkvæmustu í fyrirsögninni er að þar sé m.a. vísað til F+ fjölskyldutryggingar félagsins en trygging bifreiða hjá félaginu veitir afslátt af fjölskyldutryggingunni. Fyrirsögn auglýsingarinnar gefur aftur á móti ekkert til kynna um fjölskyldutryggingu heldur er þar vitnað beint til hagkvæmustu iðgjalda í bifreiðatryggingum. VÍS hefur ekki sýnt fram á að iðgjöld bifreiðatrygginga sem fram koma í umræddri auglýsingu séu þau hagkvæmustu og telst fyrirsögnin því villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga. Hafi fyrirsögn auglýsingarinnar átt að vísa til fjölskyldutrygginga er fyrirsögnin misvísandi þar sem í henni var eingöngu vísað til bifreiðatrygginga.

VI.
Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur villandi og ósanngjarnt gagnvart keppinautum í skilningi 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB trygginga þegar gerður er samanburður á iðgjöldum bifreiðatrygginga. Hins vegar má vekja athygli á að FÍB trygging er aðeins í boði fyrir félagsmenn FÍB.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Vátryggingafélagi Íslands hf. að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB trygginga í auglýsingum þar sem það er villandi og ósanngjarnt gagnvart keppinautum.

Fyrirsögn auglýsingar VÍS um „*hagkvæmustu iðgjöldin í bílatryggingum*“ er ósönnuð og því villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“